

Borgarráð

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fá gögn um kæru vegna borgarstjórnarkosninga á fund borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 6. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Í ljósi ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins um að vísa kæru vegna borgarstjórnarkosninganna til efnislegrar meðferðar hjá sýslumanni óska borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir að fá öll gögn er málinu tengjast inn á fundi borgarráðs, sem og önnur gögn sem lögð verða fyrir í málinu, þannig að borgarráðsfulltrúar geti fylgst með framvindu mála.

Tillögunni var frestað.

Á fundi borgarráðs 27. júní verður lagður fram úrskurður kjörnefndar samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna ásamt öllum fylgigögnum. Úrskurðurinn var kveðinn upp í dag. Í ljósi þess að yfirkjörstjórn Reykjavíkur er í störfum sínum óháð ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar var ekki unnt að taka málið fyrir á vettvangi borgarráðs á meðan kærufjerli stóð yfir.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

